



ÞJÓÐARHÖLL Í LAUGARDAL

Matsskyldufyrirspurn



Reykjavík

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Forsendur framkvæmdar og tilgangur	2
3	Tilkynningarskylda	2
4	Staðhættir	2
4.1	Skipulag og landnotkun	4
4.2	Verndarsvæði	4
5	Framkvæmdalýsing	4
5.1	Þjóðarhöll	4
5.2	Aðstæður á verkstað	4
5.3	Frágangur	5
5.4	Framkvæmdatími	5
6	Umhverfisáhrif	5
6.1	Áhrif á landslag og ásýnd	6
6.2	Áhrif á fornleifar	8
6.3	Áhrif á landnotkun og samgöngur	12
6.4	Áhrif á hljóðvist	12
7	Samráð	13
7.1	Leyfi sem framkvæmdin er háð	13
8	Niðurstaða mats	13
9	Heimildir	15

1 Inngangur

Áformuð er bygging Þjóðarhallar í Laugardal, Reykjavík sem verður fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði og mun hún uppfylla kröfur alþjóðlegra íþróttasambanda þannig að hægt verði að spila leiki á stórmótum hér á landi. Framkvæmdaraðilar eru Reykjavíkurborg og Þjóðarhöll ehf. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og er unnið að deiliskipulagsbreytingu samhliða matsskyldufyrirspurn.

Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar, samræmi við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Einnig eru lagðar til mótvægisáðgerðir og verklagsreglur á framkvæmdatíma til að draga úr mögulegum áhrifum þar á. Umhverfisþættirnir sem teknir eru fyrir í matskyldufyrirspurn þessari eru fornleifar, ásýnd, hljóðvist, landnotkun og samgöngur.

2 Forsendur framkvæmdar og tilgangur

Tilgangur framkvæmdar er að byggja Þjóðarhöll í Laugardal sem getur tekið allt að 8.600 manns í sæti og allt að 12.000 manns á viðburðum. Hlutverk Þjóðarhallar verður fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði sem uppfyllir kröfur um aðbúnað alþjóðlegra kappleikja innanhúss.

Í dag nær Laugardalshöll ein og sér ekki að uppfylla þarfir og væntingar þeirra hagsmunaaðila sem í dag nota Laugardalshöll. Með tilkomu Þjóðarhallar skapast rými fyrir þarfir og væntingar umræddra hagsmunaaðila. Með samrekstri Þjóðarhallar, Laugardalshallar og frjálsíþróttahallar rýmkast verulega um æfingatíma íþróttafélaga í Laugardalshöll og frjálsíþróttahöll.

3 Tilkynningarskylda

Óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar byggða á tölulíð 10.2 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum (Tafla 3.1). Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem hún fellur flokk B, sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.

Tafla 3.1 Tilkynningarskylda framkvæmdar til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

10.2	Framkvæmd við uppbyggingu mannvirkja, svo sem við byggingu verslunarmiðstöðva, bílastæða, íþróttaleikvanga, háskóla og sjúkrahúsa, og sambærilega mannvirkjagerð þar sem framkvæmdasvæði eða gólfplötur bygginga er a.m.k. 20.000 m ² .	B
------	--	---

4 Staðhættir

Þjóðarhöllin verður staðsett í Laugardalnum. Laugardalurinn er eitt af vinsælustu útivistarsvæðum Reykvíkinga, auk þess að vera ein meginmiðstöð íþróttaiðkunar í Reykjavík. Þar er að finna íþróttamannvirki svo sem Laugardalshöllina, Laugardalsvöllinn, Laugardalslaugina og Skautahöll Reykjavíkur. Þar er jafnframt Grasagarður Reykjavíkur, Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn og aðaltjaldsvæði Reykjavíkur í Laugardal. Töluvert er um skipulagða göngu- og hjólastíga um svæðið.

Staðsetning Þjóðarhallar verður sunnan Laugardalshallar upp að Suðurlandsbraut (Mynd 4.1). Austan við fyrirhugaða Þjóðarhöll eru æfingarvellir og Grasagarður Reykjavíkur. Framkvæmdasvæðið einkennist í dag af bílastæðum og grasflötum.



Mynd 4.1 Afmarkaður hefur verið byggingareitur fyrir Bjóðarhöll á deiliskipulagsupprætti (Landslag, 2023).

4.1 Skipulag og landnotkun

Aðalskipulag

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 tók gildi í janúar 2022. Landnotkun á framkvæmdasvæði er skilgreind sem samfélagsþjónusta (S12 – Laugardalshöll). Þar segir um svæðið: *Einkum stofnanir og skrifstofur í tengslum við íþróttastarfsemi og útvíst á svæðinu. Þéttleiki nýrrar byggðar taki almennt mið af yfirbragði núverandi byggðar og nýtingarhlutfalli á aðliggjandi lóðum, sbr. ákvarðanir þar um í hverfis- og eða deiliskipulagi. Stærð svæðis 7,3 ha.* Framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag

Áformuð uppbygging er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag Laugardals, vesturhluta og er þörf á deiliskipulagsbreytingu. Vinnslu deiliskipulagsbreytingar lokið og mun auglýsing um gildistöku hennar mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda í maí 2024. Deiliskipulagið verður síðan aðlagð og útfært frekar með skipulagsbreytingu í samræmi við hönnun nýrrar Þjóðarhallar þegar hún liggur fyrir.

4.2 Verndarsvæði

Innan framkvæmdasvæðis eru engin svæði á náttúruminjasrá, vistkerfi eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða mikilvæg fuglasvæði (IBA svæði).

5 Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin felur í sér byggingu Þjóðarhallar í Laugardalnum. Þegar er á svæðinu ýmis íþróttamannvirki ásamt tilheyrandi mannvirkjum í tengslum við vellina, bílastæði og gatnagerð. Hönnun Þjóðarhallar liggur ekki fyrir en samkeppnisútbóð er í gangi um hönnunina. Afmarkaður hefur verið byggingarreitur í deiliskipulagi (Mynd 4.1).

5.1 Þjóðarhöll

Stærð aðalrýmis Þjóðarhallar miðast við 8.600 manns í sæti og allt að 12.000 manns á tónleikum. Hámarks byggingarmagn nýrrar Þjóðarhallar er 20.000 m² og hámarkshæð frá aðalgólf Laugardalshallar er 21,0 m. Gert er ráð fyrir að aðalgólf Laugardalshallar, frjálsíþróttahallar og Þjóðarhallar verði allar á sama kóta.

Í deiliskipulagi er lóð Laugardalshallar stækkuð til að rúma bygginguna milli núverandi Laugardalshallar og stofnstíga meðfram Suðurlandsbraut. Staðarval tekur mið að samlegðaráhrifum í rekstri nýrrar og núverandi íþróttahalla sem og nálægð við fyrirhugaða borgarlínustöð á Suðurlandsbraut austan gatnamóta við Vegmúla (Mynd 4.1).

5.2 Aðstæður á verkstað

Vegna aðstæðna á framkvæmdasvæði er byggingunni settar nokkuð þröngar skorður. Þar ber helst að nefna landhalla, nálægð við önnur mannvirki og mikilvægar veitulagnir þ.e. hitaveitustofnæð og háspennustreng. Hitaveitustofnæðin verður ekki færð. Ekki er ljóst hvort færa þurfi háspennustrenginn en það fer eftir hönnun og verður það gert í samráði við Veitur. Á suðaustur og suðvestur hluta lóðar, meðfram Suðurlandsbraut, er skjólbelti með lauf- og barrtrjám auk þess sem göngu- og hjóltreiddastígar liggja um svæðið (Mynd 4.1). Ekki er gert ráð fyrir raski á göngu- og hjólastígum eða skjólbeltum.

Jarðfræðilegum aðstæðum er lýst þannig að Laugardalurinn er í lægð á milli tveggja grágrýtishæða. Efstu lausu jarðlögin eru þannig að efst er mýri, nokkurra metra þykk í miðjum dalnum og þar undir koma sandur og möl á stöku stað innarlega í dalnum en aðallega er um að ræða fínkornótt sjávarset sérstaklega neðarlega í dalnum (Orkustofnun, 1988).

5.3 Frágangur

Rík áhersla er lögð á vandaðan frágang umhverfis íþróttamannvirkin. Röskuð svæði verða aðlöguð í samræmi við landslag og landnotkun nálægs umhverfis.

5.4 Framkvæmdatími

Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist sumarið 2025 og þeim ljúki árið 2027.

6 Umhverfisáhrif

Helstu áhrifaþættir uppbyggingar í Laugardalnum felast í raski, mannvirkjum sem breyta ásýnd og landnotkun ásamt ónæði á framkvæmdatíma. Í matsskyldufyrirspurn eru til skoðunar eftirfarandi umhverfisþættir:

- Fornleifar
- Hljóðvist
- Landnotkun og samgöngur
- Ásýnd

Í töflu 6.1 má sjá þau viðmið sem höfð eru til hliðsjónar í matinu.

Tafla 6.1 Viðmið sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn þessari.

Umhverfisþáttur	Viðmið
Hljóðvist	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
Fornleifar	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Ásýnd	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjasráð; Landslagssamningur Evrópu.
Landnotkun og samgöngur	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040

Í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir (Tafla 6.2) sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 6.2 Vægiseinkunnir umhverfisþátta

Mjög jákvæð	Jákvæð	Óvissa
<ul style="list-style-type: none"> • Veruleg jákvæð breyting á einkennum. • Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og /eða ná til mikils fjölda fólks. • Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. • Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega. • Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta. • Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. • Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta. • Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. • Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. • Skortur á upplýsingum. • Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga. • Óvissa um hvaða aðgerðir áætlan mun hafa í för með sér.
		Engin áhrif / á ekki við
		<ul style="list-style-type: none"> • Engin áhrif / á ekki við
Mjög neikvæð	Neikvæð	Óveruleg
<ul style="list-style-type: none"> • Veruleg breyting á einkennum umhverfisþátta. • Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. • Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Breyting á einkennum umhverfisþátta • Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. • Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta • Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf 	<ul style="list-style-type: none"> • Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþátta. • Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks. • Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþátta. • Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum,

<ul style="list-style-type: none"> • Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega. • Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. 	<ul style="list-style-type: none"> • Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum • Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.
--	--	---

6.1 Áhrif á landslag og ásýnd

Í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er landslag skilgreint sem: „*Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.*“ Jafnframt kemur fram í lögnum að við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 koma fram eftirfarandi markmið um landslagsvernd: „*Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*“

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru áformaðar innan svæðis sem er skilgreint sem samfélagsþjónusta (S12 – Laugardalshöll) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Þegar er á svæðinu íþróttamannvirki svo sem Laugardalshöllina, Laugardalsvöllinn, Laugardalslaugina og Skautahöll Reykjavíkur. Í næsta nágrenni er jafnframt Grasagarður Reykjavíkur, Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn og tjaldstæðið í Laugardal.

Umhverfið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af manngerðum þáttum og byggingum og hefur töluverð landmótun átt sér stað. Laugardalshöll er áberandi kennileiti á svæðinu. Næst Suðurlandsbraut eru skjólbelti, með blönduðum tegundum greni- og lauftrjáa, og grasblettur sem haldið er við með reglulegum slætti. Sunnan við Laugardalshöllina eru bílastæði og ljósastaurar (Mynd 6.1). Sömu meginþætti í landslaginu er að finna vestan við Laugardalshöllina auk þess sem þar liggur göngu- og hjólastígur meðfram svæðinu (Mynd 6.2 og Mynd 6.3).



Mynd 6.1 Horft yfir framkvæmdasvæðið, sunnan við Laugardalshöllina. Mynd: Google maps.




Mynd 6.2 Vestan við Laugardalshöllina, horft í átt að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Mynd: ja.is.



Mynd 6.3 Vestan við Laugardalshöllina, horft í átt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Mynd: ja.is.

Mynd 6.4 sýnir snið af mögulegu útliti Þjóðarhallar samkvæmt deiliskipulagi (Landslag, 2023).



Mynd 6.4 Snið af mögulegu útliti Þjóðarhallar samanber deiliskipulagi (Landslag, 2023).

Fyrir liggur umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 20. júlí 2023, og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 6. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í þeim er bent á mikilvægi Laugardalshallar í íslenskri byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu og að mikilvægt sé að fram komi í skilmálum deiliskipulags að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar skuli tekið tillit til ásýndar Laugardalshallar. Meginsérkenni byggingarinnar er hið einkennandi steinsteypta hálfkúlupak sem hallar aflíðandi til suðurs. Borgarsögusafnið telur einnig mikilvægt að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurliði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.

Í kjölfar umsagna Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur ásamt niðurstöðum húsakönnunar á svæðinu hefur Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um að setja hverfisvernd á Laugardalshöll í deiliskipulagi Laugardals, vesturhluta. Lögð verður áhersla við hönnun Þjóðarhallar að hún falli sem best að nánasta umhverfi og byggingum. Samráð verður haft við Borgarsögusafnið þegar hönnunin er komin lengra á veg. Þjóðarhöll kemur til með að vera áberandi á svæðinu en breytir ekki helstu einkennum landslags og ásýndar á svæðinu. Áhrifin eru staðbundin og með hverfisvernd Laugardalshallarinnar er stuðlað að því að viðhalda sérkennum svæðisins. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin óveruleg.

6.2 Áhrif á fornleifar

Allar fornleifar eldri en 100 ára eru sjálfkrafa friðaðar og eru 15 m friðhelgunarmörk umhverfis þær. Ef fornleifar eru friðlýstar sérstaklega eru friðhelgunarmörkin 100 m. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Fyrir liggur fornleifaskráning og húsakönnun fyrir svæðið. Húsakönnunin var unnin 2024 (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024) þar sem saga og einkenni byggðar í Laugardalnum er rakin og lagt mat á varðveislugildi húsa og heilda.

Á svæðinu standa í dag alls sex hús, byggð á árunum 1958-2005. Byggingar við Engjaveg 6 eru tveggja til þriggja hæða steinsteypt hús, byggð í áföngum á árunum 1964-1986, og mynda heildstæða þyrpingu á svæðinu vestan Laugardalshallar. Laugardalshöllin, sem byggð var á árunum 1959-1964, er steinsteypt íþróttamannvirki með einkennandi steinsteyptu hálfkúlulaga þaki og er eitt helsta kennileiti á svæðinu. Byggingin er að mestu leyti óbreytt að frátöldum austurhluta sem var breytt fyrst með stækkun í tilefni af HM í handbolta 1995 og árið 2005 með viðbyggingu nýrrar frjálsíþróttahallar. Í frjálsíþróttahöllinni, sem byggð var árið 2005, eru steyptir útveggir upp að hæðarskilum fyrstu hæðar, þar á ofan eru burðarvirki útveggja úr stáli.

Tafla 6.3 Byggingar innan deiliskipulagssvæðis (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024).


Staðfang	Tegund	Notkun	Byggingarár
Engjavegur 8	Bygging	Íþróttahús	1964
Engjavegur 8	Bygging	Íþrótt- og sýningarhús	2005
Engjavegur 6	Bygging	Skrifstofur	1964, 1974
Engjavegur 6	Bygging	Tengibygging	2012
Engjavegur 6	Bygging	Skrifstofur	1986

Engjavegur 6

Bygging

Skrifstofur

1991



Mynd 6.5 Byggingar innan deiliskipulagssvæðis (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024).

Byggingarnar voru flestar hannaðar af Gísla Halldórssyni arkitekt eða teiknistofu hans (Teiknistofunni h.f. Ármúla 6), en aðalhönnuður frjálsíþróttahallarinnar er Bjarni Snæbjörnsson, meðeigandi Teiknistofunnar T.ark (áður Teiknistofan hf. Ármúla 6). Laugardalshöllin var samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar.

Laugardalshöll hin eldri hefur hátt varðveislugildi sem mikilvæg bygging í íslenski byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu og eitt helsta kennileiti á svæðinu. Meginsérkenni byggingarinnar er hið einkennandi steinsteypta hálfkúlupak sem hallar aflíðandi til suðurs, en lögun þess er einkum sýnileg úr suðvestri, frá Suðurlandsbraut, þeim megin sem gert ráð fyrir hinni nýju þjóðarhöll. Önnur mannvirki á svæðinu hafa nokkuð menningarsögulegt gildi, en að samanlögðum þeim fjórum þáttum sem taka til varðveislumats hafa þau miðlungs varðveislugildi og teljast ekki hafa slíkt gildi að ástæða sé til að gera sérstaka tillögu um verndun þeirra.

Húsin á deiliskipulagssvæðinu eru byggð eftir 1940 og falla því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. (VII. kafli. Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja, 29. og 30. gr.).

Í húskönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur er lagt til að Laugardalshöll verði vernduð í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistalegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra. Þar kemur jafnframt fram að mikilvægt sé að fram komi í skilmálum deiliskipulags að við hönnun og útfærslu fyrirhugaðrar þjóðarhóllar á svæðinu, sem vegna stærðar sinnar og mikillar nálægðar við Laugardalshöllina mun hafa í för með sér miklar breytingar á umhverfi eldri byggingarinnar, skuli tekið tillit til hönnunar og ásýndar hinnar eldri byggingar. Mikilvægt er að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurliði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.


Líkt og fjallað er um í kafla 6.1. liggja fyrir umsagnir Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafnsins þar sem bent er á mikilvægi Laugardalshallar í íslenskrri byggingarlistasögu, menningar og íþróttasögu. Í kjölfar umsagna Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur ásamt niðurstöðum húsakönnunar á svæðinu hefur Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um að setja hverfisvernd á Laugardalshöll í deiliskipulagi.

Í fornleifaskráningu (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024) kemur fram að innan deiliskipulagssvæðis eru þrjár minjastaðir skráðir undir jörðina Laugarnes. Minjarnar tilheyrta fyrstu byggð erfðafestubýla á svæðinu; Þvottalaugablettum í Laugamýri og býlunum Múla (230-195) og Laugabrekku (230-196–197). Mannvirki eru nú þegar á stærstum hluta deiliskipulagssvæðisins og engin merki um minjar á yfirborði. Fornleifar geta þó leynst í jörðu eins og við Múla og Laugabrekku sem geta komið í ljós við jarðrask.

Þær minjar sem eru einkum í hættu vegna framkvæmdar eru Múli og Múlavegur (Tafla 6.4).

Tafla 6.4 Minjar sem er einkum í hættu vegna framkvæmdar (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Aldur	Ástand	Horfin
230-195	Múli, Þvottalaugablettur 3	Erfðafestuhlutverk	1919-1977	Ómetið	Að hluta
230-207	Múlavegur	Vegur	1928	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 6.6 Fornleifar, mannvirki og yngri minjar á deiliskipulagsreitnum lóð ÍSÍ Engjavegur 6 (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024).

Erfðafestubýlið Múli stóð á horni Suðurlandsbrautar og Múlavegar, byggt 1919, sem var áður Þvottalaugablettur 3 við Suðurlandsveg. Húsið var rífið 1977. Árið 1929 var byggt 10 bása fjós og hlöður norðan við íbúðarhúsið og tengibygging þar á milli. Þessar minjar eru hornar af yfirborði en eru í jörðu.



Mynd 6.7 Múli, íbúðarhúsið tengibygging og gaflinn á fjósinu á mynd til vinstri. Horft í norðvestur. Á mynd til hægri er Múli, hlaðan, fjósið og íbúðarhúsið, horft í norðaustur (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024).

Múlavegur var milli Suðurlandsbrautar og Langholtsvegur, þvert yfir Þvottalaugamýri og upp á Langholt (Mynd 6.6). Hann fékk nafn sitt 1928 og er kenndur við nýbýlið Múla við Suðurlandsbraut. Vegurinn frá Suðurlandsbraut að Engjavegi er nú göngustígur en spotti við bílastæðið að inngangi að Grasagarðinum er enn nefndur Múlavegur. Enn má greina Múlaveg sem hluti af stígakerfi garðsins. Vegurinn er horfinn að hluta.

Í fornleifaskráningu kemur fram að engin fornleifarannsókn hefur farið fram á svæðinu og leita skuli til Minjastofnunar Íslands ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á umræddum reit vegna áætlaðra minja í jörðu.

Tafla 6.5 sýnir aðrar minjar sem eru innan deiliskipulagssvæðis en eru taldar í lítilli hættu vegna framkvæmda.

Tafla 6.5 Aðrar minjar innan deiliskipulagssvæðis (Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2024).

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Aldur	Ástand	Horfin
230-196	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2	Erfðafestubýli	1916-1975	Ómetið	Að hluta
230-197	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2	Fjós	1942-1977	Ómetið	Að mestu
230-206	Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut	Vegur	190	Ómetið	Já

Laugabrekka var austan við Reykjaveg norðan við Suðurlandsbraut, áður erfðafestuland á Þvottalaugabletti 2 við Suðurlandsveg. Húsið var reist árið 1916 af Grímúlfi H. Ólafssyni. Húsið var kjallari, hæð og ris en árið 1929 var byggt anddyri sunnan við húsið. Búskapur var þar til ársins 1965 en húsið var rífið 1975. Fjós Laugabrekku var austan við Reykjaveg, norðan við Suðurlandsbraut, um 60 m norðan við íbúðarhúsið áður á Þvottalaugabletti 2 við Suðurlandsveg (Mynd 6.6). Búskapur var þar til ársins 1965, en húsið var rífið 1975.

Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut lá frá Þvottalaugavegi að brúnum yfir Elliðaár. Hann var gerður í framhaldi af Þvottalaugavegi og er merktur inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1909. Vegurinn er horfinn undir núverandi Suðurlandsbraut.

Engar friðlýstar fornleifar eru innan deiliskipulagssvæðis.

Framkvæmdir koma til með að raska svæðinu þar sem Múli var staðsettur og nálægt Múlavegi. Framkvæmdaraðilar munu vera í samskiptum við Minjastofnun Íslands og leitað leyfi til stofnunarinnar sbr. 22. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Farið verður í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun setur skilyrði um. Ef fram koma áður óþekktar

fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laganna, verður haft samband stofnunarinnar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Framkvæmdin er líkleg til að raska staðbundið minjum sem eru horfnar að mestu af yfirborði. Áhrif framkvæmdar á fornleifar eru metnar óveruleg til neikvæð.

6.3 Áhrif á landnotkun og samgöngur

Landnotkun

Landnotkun á framkvæmdasvæði er skilgreind sem samfélagsþjónusta (S12 – *Laugardalshöll*) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Staðsetning Þjóðarhallar verður sunnan Laugardalshallar upp að Suðurlandsbraut (Mynd 4.1). Austan við fyrirhugaða Þjóðarhöll eru æfingavellir fyrir knattspyrnu og Grasagarður Reykjavíkur. Staðsetning Þjóðarhallar er því í fullu samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur.

Stígar og veitur

Vegna legu lands mun Þjóðarhöllin grafast að hluta til inn í hæðarmun frá Laugardalshöll upp að göngu- og hjólastíg norðan Suðurlandsbrautar. Ekki er gert ráð fyrir raski á núverandi göngu- og hjólastíga norðan Suðurlandsbrautar. Í nýunninni deiliskipulagsbreytingu kemur fram að ekki megi hindra eðlilegt flæði gangandi og hjólandi inn í Laugardal.

Háspennustrengur liggur í norðurkanti hjóla- og göngustígs sunnan Laugardalshallar. Ekki liggur fyrir hvort þörf sé að færa strenginn en það mun fara eftir hönnun húsnæðisins. Ef þörf verður að færa strenginn er það gert í samráði við Veitur. Háhitalögn liggur í norðausturstígbrún við lóðarmörk Laugardalshallar og verður hún ekki færð.

Bílastæði

Byggingarreitur þjóðarhallar fer yfir 140 bílastæði aftan við Laugardalshöll og Frjálsíþróttahöll (Mynd 4.1). Ekki er gert ráð fyrir að bæta þau stæði upp með nýjum stæðum annars staðar á lóðinni. Fellur það að stefnumörkun um að draga úr bílaumferð í Laugardal og leggja auknar áherslur á vistvæna samgöngumáta. Fyrirhuguð er borgarlínustöð á Suðurlandsbraut vestan gatnamóta við Vegmúla (Mynd 4.1) sem mun gegna lykilhlutverki í að flytja fólk til og frá íþrótt- og útivistarsvæði í Laugardal. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 eru sett fram markmið um breyttar ferðavenjur. Þar kemur fram að brýnt sé að auka hlutdeild vistvænna ferðamáta í samgöngum innan borgarinnar, bæði vegna framfylgdar loftslagsstefnunnar til ársins 2040 og almennt vegna markmiða aðalskipulags um lífvænlegri og meira aðlaðandi borg.

Áhrif framkvæmdar eru í samræmi við stefnumörkun og eru líkleg til að vera óveruleg.

Í dag er ástandið í Laugardalnum með þeim hætti að á álagstímum, t.a.m. þegar viðburðir eru í Laugardalshöllinni, er mikill fjöldi bíla á svæðinu og eftirspurn eftir bílastæðum. Gangi breytingar á ferðvenjum ekki eftir og seinkun verði á að ná markmiðum um breyttar ferðavenjur þá kann að skapast tímabundið aukið álag á þau bílastæði sem eru í nágrenni Laugardalsins.

6.4 Áhrif á hljóðvist

Búast má við ónæði vegna hávaða á framkvæmdatíma. Framkvæmdir við Þjóðarhöll verða unnar í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Þar kemur m.a. fram að á skilgreindu dvalarsvæði á lóð skal hljóðstig vera undir 55 L_{Aeq}. Jafnframt kemur fram að við framkvæmdir skuli þess sérstaklega gætt að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða. Háværar framkvæmdir skal framkvæmdaraðili kynna fyrir íbúum nærliggjandi

svæða með sannarlegum hætti áður en framkvæmdir hefjast. Fram skal koma tímalengd framkvæmda, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum. Framkvæmdatími er áætlaður 2 ár.

Hávaði vegna framkvæmda verður takmarkaður við tímamörk sem skilgreind eru í reglugerð 724/2008 (Tafla 6.6).

Tafla 6.6 Tímamörk fyrir hávaða vegna framkvæmda

Tímamörk fyrir hávaða vegna framkvæmda				
		Virkir dagar	Helgar og almennir frídagar	Aðrir dagar
Íbúðarsvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingur eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma.	Háværar framkvæmdir	7:00 – 21:00	10:00 – 19:00	Ekki heimilt
	Sérstaklega háværar framkvæmdir	7:00 – 19:00	Ekki heimilt	Ekki heimilt

Framkvæmd kemur til með að hafa staðbundin og tímabundin áhrif á hljóðvist á nærliggjandi svæði. Áhrif framkvæmda eru metin óveruleg til neikvæð.

7 Samráð

Við undirbúning framkvæmdar hefur verið lögð áhersla á samráð við helstu hagaðila. Til að mynda hefur verið haft samband við Veitur í tengslum við innviði þeirra innan lóðar auk Borgarsögusafns Reykjavíkur og Minjastofnun Íslands varðandi hverfisverndun Laugardalshallar og mögulegar mótvægisáðgerðir vegna fornleifa á svæðinu. Þá hafa samskipti átt sér stað við ípróttafélög á svæðinu og leitað umsagna þeirra um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda mun Skipulagsstofnun leita umsagna til leyfisveitanda og fagstofnana um þessa matsskyldufyrirspurn.

7.1 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Byggingarleyfi Reykjavíkur sbr. lög nr. 160/2010 um mannvirki.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. lög nr. 80/2012 vegna mögulegs rask á fornleifum.

8 Niðurstaða mats

Framkvæmdir vegna Þjóðarhallar er í heild líklegar til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfispætti. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdar verða á fornleifar. Tafla 8.1 sýnir samantekt yfir áhrif framkvæmdar á einstaka umhverfispætti.

Tafla 8.1 Samantekt yfir áhrif framkvæmdar á einstaka umhverfispætti.

Landslag og ásýnd	Fornleifar	Landnotkun og samgöngur	Hljóðvist
Óveruleg neikvæð áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif	Óveruleg neikvæð áhrif	Óveruleg neikvæð áhrif

Framkvæmdin felur í sér byggingu Þjóðarhallar í Laugardalnum og miðast stærð aðalrýmis Þjóðarhallar við 8.600 manns í sæti og allt að 12.000 manns á viðburðum. Þegar er á svæðinu ýmis ípróttamannvirki ásamt tilheyrandi mannvirkjum, s.s. bílastæði

og götur. Hönnun Þjóðarhallar liggur ekki fyrir en samkeppnisútbod er í gangi um hönnunina og hefur verið afmarkaður byggingarreitur í deiliskipulagi. Innan framkvæmdasvæðis eru engin svæði á náttúruvinnjaskrá, vistkerfi eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða mikilvæg fuglasvæði (IBA svæði).

Umhverfið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af manngerðum þáttum og byggingum og hefur töluverð landmótun átt sér stað. Laugardalshöll er áberandi kennileiti á svæðinu. Í umsögnum Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur um breytingu á deiliskipulagi er bent á mikilvægi Laugardalshallar í íslenskrum byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu og að mikilvægt sé að fram komi í skilmálum deiliskipulags að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar skuli tekið tillit til ásýndar Laugardalshallar. Í kjölfar umsagna Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur ásamt niðurstöðum húsakönnunar á svæðinu hefur Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um að setja hverfisvernd á Laugardalshöll í deiliskipulagi Laugardals, vesturhluta. Lögð verður áhersla við hönnun Þjóðarhallar að hún falli sem best að nánasta umhverfi og byggingum.

Tvær fornleifar eru einkum í hættu vegna framkvæmdar en þær eru Múli og Múlavegur. Engin merki eru um minjar á yfirborði en mannvirki eru nú þegar á stærstum hluta deiliskipulagssvæðisins. Fornleifar geta þó leynst í jörðu sem geta komið í ljós við jarðrask.

Byggingarreitur þjóðarhallar fer yfir 140 bílastæði aftan við Laugardalshöll og frjálsíþróttahöll. Ekki er gert ráð fyrir að bæta þau stæði upp með nýjum stæðum annarsstaðar á lóðinni. Fellur það að hugmyndum um að draga úr bílaumferð í Laugardal og leggja auknar áherslur á vistvæna samgöngumáta. Fyrirhuguð er borgarlínustöð verði á Suðurlandsbraut vestan gatnamót við Vegmúla sem mun gegna þar lykilhlutverki.

Í dag er ástandið í Laugardalnum með þeim hætti að á álagstímum, t.a.m. þegar viðburðir eru í Laugardalshöllinni, er mikill fjöldi bíla á svæðinu og eftirspurn eftir bílastæðum. Gangi breytingar á ferðavenjum ekki eftir og seinkun verði á að ná markmiðum um breyttar ferðavenjur þá kann að skapast tímabundið aukið álag á þau bílastæði sem eru í nágrenni Laugardalsins.

Búast má við tímabundnu ónæði á framkvæmdatíma en unnið verður í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Hlutverk Þjóðarhallar verður fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði sem uppfyllir kröfur um aðbúnað alþjóðlegra kappleikja innanhúss en í dag nær Laugardalshöll ein og sér ekki að uppfylla þarfir og væntingar þeirra hagsmunaaðila sem nýta Laugardalshöll.

Að teknu tilliti til umhverfisáhrifa vegna umfangs, eðlis og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar, samanber töflu 8.1 hér að framan, er ekki talið að um sé að ræða matsskylda framkvæmd. Í þessu skjali hafa verið sett fram ítarleg og greinagóð gögn um framkvæmdina staðsetningu hennar, umfang og eðli mögulegra áhrifa framkvæmdar.

9 Heimildir

Borgarsögusafn Reykjavíkur. (2024). *Laugardalur - Þjóðarhöll. Húsakönnun*. Unnið fyrir Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Borgarsögusafn Reykjavíkur. (2024). *Þjóðarhöll. Fornleifaskrá*. Unnið fyrir Reykjavíkurborg.

Efla. (2020). *Landslag á Íslandi: Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Landslag. (8. mars 2023). Laugardalur - Þjóðarhöll. Deiliskipulagsbreyting. Skipulagsuppráttur. Unnið fyrir Reykjavíkurborg.

Orkustofnun. (1988). *Laugardalsvöllur. Borun röra til grunnvatnsmælinga*. Unnið fyrir Íþróttá- og tómastundaráð Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.